

Sp. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um að leggja niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er óþarft að ríkið sinni.